

Efni: Minnisblað vegna LV6 – endurnýjun rekstraleyfa

Á fundi svæðisráðs Vestfjarða þann 20.mars 2023 var rædd staða á endurnýjun starfsleyfis fyrir svæði Arnarlax í Arnarfirði. Farið var yfir fyrirbyggjandi umsögn HMS um samræmi svæðis við strandsvæðisskipulag. Ábendingar komu frá fulltrúum svæðisráðs um meðferð málsins á fyrri stigum við samþykkt strandsvæðisskipulags Vestfjarða og umsagnir fjarskipta- og 2 orkuflutningsfyrirtækja sem reka strengi á svæðinu.

Niðurstaða: Svæðisráð óskar eftir því að HMS taki saman alla þætti þessa máls, umsagnir Mílu og vinnu fyrri svæðisráðs við gerð strandsvæðisskipulagsins og leggi fyrir á næsta fund. Formanni svæðisráðs var falið að eiga samráðsfund með Mílu vegna málsins.

Minnisblað þetta er því tekið saman í framhaldi af fundi svæðisráðs Vestfjarða 20. mars 2026, þar sem fjallað var um stöðu máls vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Arnarlax í Arnarfirði, einkum að því er varðar reit LV6 í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Svæðisráðið óskaði eftir því að HMS tæki saman helstu gögn og fyrri meðferð málsins, þar á meðal umsagnir MÍLU, afmörkun og skilmála gildandi strandsvæðisskipulags, fund formanns svæðisráðs með MÍLU og afstöðu HMS í málinu.

Aðdragandi málsins

Upphaf þessa máls má rekja til erindis Matvælastofnunar, dags. 07.01.2026, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Arnarlax ehf. í Arnarfirði, þ.m.t. á Tjaldaneseyrum. Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út 6. maí 2016 til 10 ára. Matvælastofnun óskaði, á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, eftir umsögn Skipulagsstofnunar um hvort endurnýjun leyfisins samræmdist gildandi strandsvæðisskipulagi. Niðurstaða umsagnarinnar er að staðsetning leyfisins sé ekki í samræmi við ákvæði strandsvæðisskipulagsins, þar sem á reitum í nýtingarfloknum Lagnir og vegir sé ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna, og að í umsögn MÍLU komi fram rökstudd andstaða við endurnýjun leyfisins.

Við mótun strandsvæðisskipulagsins var almennt unnið út frá þeirri meginreglu að við afmörkun SN-reita væri tekið mið af þeim svæðum sem fyrir lágu vegna fiskeldis, bæði útgefnum leyfum og fullgildum leyfisumsóknum. Viðmið við afmörkun LV-reita voru helgunarsvæði fjarskiptastrengja, fjórðungur úr sjómílu til hvorrar handar frá streng, með vísan til fjarskiptalaga. Þegar skörun varð milli fyrirbyggjandi fiskeldisleyfa og afmörkunar LV-reita réð afmörkun LV-reita úrslitum um endanleg mörk reitanna, þannig að viðkomandi SN-reitir náðu ekki sjálfkrafa yfir allt útgefið leyfi.

Athugasemdir við tillöguna lutu m.a. að því að ákvæði LV-reita um bann við starfsemi og að leyfi yrðu ekki endurnýjuð studdust við helgunarsvæði fjarskiptalaga, án þess að sambærileg lagastoð væri fyrir hendi gagnvart öðrum lögnum. Svæðisráðið brást við því með því að hverfa frá fortakslausu banni við starfsemi innan LV-reita og leggja þess í stað áherslu á að leita skyldi umsagnar eigenda lagna og strengja ef til skoðunar kæmi að veita leyfi fyrir eldi eða ræktun nytjastofna.

Á Tjaldaneseyrum var staðan sérstök þar sem gildandi fiskeldisleyfi lá þegar að hluta innan þess svæðis sem síðar var skilgreint sem LV6. Þar mætast því annars vegar hagsmunir tengdir áframhaldandi starfsemi á grundvelli fyrirliggjandi leyfis og hins vegar þeir öryggishagsmunir sem tengjast fjarskiptastreng MÍLU og öðrum lögnum innan reitsins.

Af hálfu Arnarlax er byggt á því að fyrirtækið hafi haft leyfi og starfrækt fiskeldi á þessum stað í um tíu ár, þrátt fyrir að hluti starfseminnar hafi verið staðsettur yfir fjarskiptastreng MÍLU. Að mati fyrirtækisins sýni sú reynsla að unnt hafi verið að haga starfseminni með þeim hætti að hún færi saman við fyrirliggjandi streng, a.m.k. á gildistíma þess leyfis sem nú er að renna út.

Gildandi strandsvæðisskipulag Vestfjarða

Í gildandi strandsvæðisskipulagi Vestfjarða kemur stefna og skipulagsákvæði fram annars vegar í almennum ákvæðum fyrir hvern nýtingarflokk og hins vegar í sértækum ákvæðum fyrir einstaka skipulagsreiti. Almennu ákvæðin gilda því um alla reiti innan viðkomandi nýtingarflokks, en sértæk ákvæði bæta við eða skýra nánar þá stöðu sem á við um einstaka reiti. Skipulagsákvæðin byggja jafnframt á þeirri flokkun nýtingarreita sem mælt er fyrir um í reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags.

Í kafla 5.3.2 í greinargerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða er fjallað um nýtingarflokkinn Lagnir og vegir (LV). Þar kemur fram að á reitum sem skilgreindir eru í þessum nýtingarflokki sé gert ráð fyrir veitulögnum og vegum. Ferðaþjónusta, útivist og umferð skipa geti einnig átt við á þessum svæðum, að teknu tilliti til lagna og vega. Jafnframt segir að til að tryggja öryggi og flutningsgetu raforkuflutnings- og fjarskiptakerfis og viðhald vega séu afmarkaðir reitir helgaðir lögnum og vegum, þar sem starfsemi sem kann að hafa áhrif á flutningsgetu og öryggi sæstrengja sé takmörkuð eða bönnuð. Afmörkun svæðanna byggist á staðsetningu núverandi strengja á svæðinu ásamt vegum sem þvera firði.

Í almennum skipulagsákvæðum fyrir nýtingarflokkinn Lagnir og vegir kemur fram að:

- *Á reitunum skal stuðla að öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum sem og öðrum flutningi eftir lögnum ásamt öryggi og viðhaldi vega sem þvera firði þar sem þeirra nýtur við.*
- *Innan reitanna eru siglingar heimilar, sem og ferðaþjónusta og útivist og önnur starfsemi sem hefur ekki áhrif á öryggi veitulagna.*
- *Á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa til efnistöku og eldis eða ræktunar nytjastofna innan marka skipulagsreita.*

Í sértækri lýsingu og skipulagsákvæði fyrir LV6 Bíldudalur–Tjaldanes kemur fram að:

Um skipulagsreitinn liggur raforku- og fjarskiptastrengur. Landsnet áætla að leggja nýjan raforkustreng og mun hann taka land við Hrafnoseyri. Innan reitsins við Tjaldanes er leyfi til fiskeldis. Við Langanes nær leyfi til efnistöku á kalkþörungaseti inn á reitinn þar sem fyrirhugaður strengur mun liggja úti fyrir Langanesi. Afmarkaður skipulagsreitir fyrir Siglingar, SI2, liggur um lagnaleiðina við Bíldudal.

- Þar sem LV6 liggur um SI2 skal einnig stuðla að og viðhalda öruggum og greiðum siglingum.

Fundur formanns svæðisráðs með MÍLU

Á fundi svæðisráðs Vestfjarða 20. mars 2026 var formanni ráðsins falið að eiga samráðsfund með MÍLU vegna málsins. Sá fundur var haldinn 27. mars 2026 kl. 10:30 í húsakynnum HMS. Fundinn sátu Aðalsteinn Óskarsson, formaður svæðisráðs Vestfjarða, Inga Helga Halldórsdóttir, yfirlögfræðingur MÍLU, og af hálfu HMS Ottó Björgvin Óskarsson lögfræðingur og Borghildur Sölvey Sturludóttir arkitekt, sem ritaði fundargerð. Fundarefnið var umsókn um endurnýjað rekstrarleyfi Arnarlax vegna LV6 samkvæmt strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.

Á fundinum var farið yfir stöðu leyfishafa í Arnarfirði, en rekstrarleyfi fyrir 10 þúsund tonna framleiðslu rennur út 16. maí 2026. Fram kom að þrjár kvíar væru á svæðinu, þar af ein við Tjaldaneseyrar sem væri að mestu innan reits LV6 Bíldudalur–Tjaldanes. Einnig var farið yfir að á reit LV6 liggi fjarskiptastrengur í eigu MÍLU og íslenska ríkisins og að áformaður sé raforkustrengur á eystri hluta reitsins í eigu Landsnets.

Af hálfu MÍLU kom fram að afstaða fyrirtækisins byggði á núgildandi lögum, einkum 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022. MÍLA taldi að bann við akkerum og botntengdum mannvirkjum innan helgunarsvæðis fjarskiptastrengja næði einnig til botnfestinga sjókvía og sambærilegs búnaðar.

Þá var lögð áhersla á mikilvægi strengsins sem grunnstoðar fjarskipta hér á landi og á þá almannahagsmuni sem fælust í rekstraröryggi hans og aðgengi að viðhaldi og viðgerðum.

Niðurstaða fundarins var sú að formaður svæðisráðs myndi beina þeim ábendingum til leyfishafa að teiknaðar yrðu upp sviðsmyndir sem sýndu hvernig leyfið, sem kennt er við reit LV6 Bíldudalur–Tjaldanes, gæti í skrefum færst frá núverandi staðsetningu. Samhliða þessum sviðsmyndum var vísað til þess að fyrir lægi beiðni um stækkun SN-svæða í strandsvæðisskipulaginu og að mögulega mætti, í tengslum við þá vinnu, stilla upp tímalínu sem allir aðilar gætu sammælt um.

Samantekt og afstaða HMS

Að mati HMS verður af samþykktari greinargerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða, almennum og sértækum skipulagsákvæðum fyrir nýtingarflokkinn Lagnir og vegir og reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags ráðið að vernd og öryggi veitulagna séu í forgrunni á reitum í þessum nýtingarflokki. Í tilviki LV6 er í greinargerð vísað til þess að innan reitsins við Tjaldanes sé leyfi til fiskeldis. Að mati HMS verður það orðalag þó fyrst og fremst skilið sem lýsing á þeirri leyfisstöðu sem fyrir lá þegar skipulagið var unnið og staðfest, en ekki sem sjálfstæð skipulagsleg heimild til áframhaldandi starfsemi eða endurnýjunar rekstrarleyfis þegar gildistími þess rennur út.

HMS bendir jafnframt á að reglugerð nr. 330/2020 gerir ekki ráð fyrir fiskeldi innan reita í nýtingarflokknum Lagnir og vegir með sama hætti og hún gerir um nýtingarflokkana Staðbundna nýtingu og Almenna nýtingu, þar sem fiskeldi er sérstaklega tilgreint sem möguleg nýting. Sú staðreynd að fiskeldisleyfis er getið í sértækri lýsingu á LV6 breytir því ekki að ríkjandi nýtingarflokkur reitsins er Lagnir og vegir og að hin almennu skipulagsákvæði fyrir þann flokk gera ekki ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna.

Við þetta bætist að afstaða MÍLU byggir á núgildandi lögum, einkum 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022, þar sem mælt er fyrir um lögbundnar takmarkanir á helgunarsvæði fjarskiptastrengja í sjó. Af

hálfu MÍLU hefur verið byggt á því að þær takmarkanir taki ekki aðeins til akkerisfesta skipa heldur einnig til botnfestinga sjókvía og sambærilegs búnaðar. Samkvæmt 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 skulu leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi. Strandsvæðisskipulag getur þó ekki skapað heimild til nýtingar sem er andstæð öðrum gildandi lögum.

Á þessum grunni er það niðurstaða HMS að endurnýjun rekstrarleyfisins á núverandi staðsetningu sé ekki í samræmi við gildandi strandsvæðisskipulag, enda samræmist staðsetning leyfisins ekki þeim ákvæðum sem gilda um nýtingarflokkinn Lagnir og vegir. Afstaða HMS útilokar þó ekki að svæðisráðið leggi sjálfstætt mat á málið og komist að annarri niðurstöðu. Telji ráðið tilefni til þess væri eðlilegt að sú afstaða kæmi fram í sérstakri umsögn ráðsins.